# HEILBRIGÐISNEFND
# HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
# 231 fundur – 26. febrúar 2018

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 26. febrúar 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Jón Bjarni Þorsteinsson boðaði forföll og í hans stað mætti Ingibjörg Hauksdóttir.

Fundargerð 230. fundar frá 29. janúar 2018 lögð fram.

## 1 Starfsleyfi, umsagnir, tilkynningar o.fl.

### 1.1 Starfsleyfi

### Garðabær

1.1.1 Vinastræti 1-3, Garðabær – skólahúsnæði

Lögð fram umsókn Brynhildar Sigurðardóttur, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 29.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir skólahúsnæði (Urriðaholtsskóla) við Vinastræti 1-3. Fastanúmer: 232-9928. Ný starfsemi. Samrekinn leik- og grunnskóli með eldhúsi. Fyrsti áfangi í notkun verða leiksskóladeild og bráðabirgða eldhús og mötuneyti.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er samþykkt tímabundið starfsleyfi fyrir leikskóladeildina og bráðabirgða eldhúsið að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### Hafnarfjörður

1.1.2 Álfaskeið 96, Hafnarfjörður – matvæli

Lögð fram umsókn Sigurðar Sigurðssonar, f.h. Alterno ehf., kt. 700118-0100, dags. 14.02.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhóteli. Fyrirtækið með lögheimili að Álfaskeið 96, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.3 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður – sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Haraldar Sæmundssonar, f.h. Sjúkraþjálfarans ehf., kt. 510191-1539, dags. 8.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til rekstur sjúkraþjálfunar að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-4248. Ný starfsemi. Fyrir liggja samþykkktar teikningar dags. 14.12.2017.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Drangahraun 8, Hafnarfjörður – spíruræktun

Lögð fram umsókn Emilíu Ágústsdóttur, f.h. Frjóanga ehf., kt. 520589-1129, dags. 2.02.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir spíruræktun að Drangahrauni 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-4436.
Nýr rekstraraðili.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.5 Flatahraun 3, Hafnarfjörður – mötuneyti

Lögð fram umsókn Lindu H. Leifsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 31.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir mötuneyti og félagsmiðstöð að Flatahrauni 3, Hafnarfirði. Fastanúmer: 225-2272. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.6 Suðurgata 73, Hafnarfjörður – kennslustaður

Lögð fram umsón Ásmundar Kristjánssonar, f.h. Annríki þjóðbúningar/skart ehf., kt. 700693-2799, dags.31.01.2018 þar sem sótt er um leyfi fyrir kennslustað að Suðurgata 73, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-9491. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt samþykkt starfsleyfis til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Kópavogur**

1.1.7 Bæjarlind 1-3, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Eyþórs Ragnarssonar, f.h. RJR ehf., kt. 520269-2909, dags. 16.02.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla frá Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.8 Ennishvarf 27a, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Elísabetar Eddu Guðbjörnsdóttur, f.h. hún/hann brugghús ehf., kt. 430715-0110, dags. 14.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar matvöru beint frá framleiðanda. Lögheimili að Ennishvarfi 27a, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Hagasmári 1, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Aðalsteins Þórarinssonar, f.h. Kiosk ehf., kt. 581005-1050, dags. 26.01.2018, þar sem sótt er um leyfi til matvörudreifingar í verslun fyrirtækisins að Hagasmára 1, Kópavogi. Fastanúmer: 222-7650. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Hagasmári 1, Kópavogur – húðgötun

Lögð fram umsókn Björns Árna Ágústssonar, f.h. MEBA ehf., kt. 470285-1099, dags. 12.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til húðgötunar í eyrnasnepla í verslun fyrirtækisins að Hagasmára 1, Kópavogi. Fastanúmer: 222-7650. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað úrbótaáætlunar.

1.1.11 Hamraborg 10, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Halldórs Guðmundssonar, f.h. Te & Kaffi ehf., kt. 530484-0179, dags. 1.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Hamraborg 10, Kópavogi. Fastanúmer : 206-1433. Nýr rekstraraðili.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.12 Hlíðasmári 2, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram umsókn Eyþórs Kristleifssonar, f.h. Nudd og vellíðan ehf., kt. 660515-1430, dags. 20.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hlíðasmára 2, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi vantar.

1.1.13 Hlíðasmári 8, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Jóhönnu M. Þórmarsdóttur, kt. 140979-4069, dags. 4.01.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi vantar.

1.1.14 Hraunbraut 30, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Viktors Ö. Guðmundssonar, f.h. Ofurfæði ehf., kt. 530218-0900, dags. 20.02.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhóteli, lögheimili að Hraunbraut 30, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.15 Kópavogsbraut 19, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Sigrúnar H. Jónsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759, dags. 15.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Kópavogsbraut 19, Kópavogi. Fastanúmer: 206-3493. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Salavegur 4, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Erlu Stefaníu Magnúsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759, dags. 12.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Salavegi 4, Kópavogi. Fastanúmer: 224-6426. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Sandskeið til Undirhlíða – Kópavogur Hafnarfjörður – línulögn (SV-línur)

Lögð fram að nýju umsókn Þórarins Bjarnasonar, f.h. Landsnet hf., kt. 580804-2410, dags. 23.01.2018, þar sem sótt er um endurútgáfu leyfis til byggingar háspennulínu (Lyklafellslínu) frá Sandskeiði að Hrauntungu í Hafnarfirði.

Umsóknin var send til heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu milli funda. Fyrir liggur að heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis tók erindið fyrir á fundi sínum þann 14. febrúar s.l. og heilbrigðisnefnd

Reykjavíkur tók erindið fyrir á fundum þann 9. febrúar s.l. 23.febrúar s.l.

Lagt fram erindi René Biasone, fulltrúa í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, dags. 25.febrúar 2018 varðandi línulögnina.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Samþykkt að vekja athygli samráðsaðila á að heilbrigðisnefnd ber að taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem unnt er."

Gnýr Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

1.1.18 Víghólastígur 10, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Smára Helgasonar, f.h. SMH Gróðurhúsa ehf., dags. 2.02.2018, kt. 421104-2040, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar að Víghólastíg 10, Kópavogi. Fastanúmer: 206-6053. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt ákvæði 14. reglugerðar um hollustuhætti um að l húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun húsnæðis áður en hægt er að taka umsóknina til afgreiðslu.

1.1.19 Víkurhvarf 3, Kópavogur – rannsóknastofa

Lögð fram umsókn Snorra Þórissonar, f.h. Rannsóknarþjónustan Sýni ehf., kt. 410493-2689, dags. 26.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rannsóknastofu við Víkurhvarf 3, Kópavogi. Fastanúmer: 229-8095. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## 1.2 Umsagnir

**Hafnarfjörður**

1.2.1 Ásvellir íþróttahús – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.02.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Haukar kt. 600169-0419, um tækifærisleyfi fyrir 1400 manna skemmtun þann 3. mars 2018 frá kl. 19:00 til 02:00 í íþróttahúsinu Ásvöllum, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn veitt.

1.2.2 Kaplakriki íþróttahús – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.02.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík, kt. 540305-0800, um tækifærisleyfi fyrir 800 manna skemmtun þann 10. mars 2018 frá kl. 19:00 til 02:00 í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn veitt.

**Kópavogur**

1.2.3 Hestheimar 14-16, Kópavogur – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.01.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn. Freymarsfélagið ehf., kt. 540316-1040, um tækifærisleyfi fyrir 220 manna skemmtun þann 10. febrúar 2018 frá kl. 20:00 til 02:00 í Samskiptahöllinni, Hestheimum 14-16, Kópavogi.
Ekki var gerð athugasemd.

1.2.4 Hamraborg 7, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.01.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Eldasalir ehf., kt. 491117-1840, um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Hamraborg 7, Kópavogi.
Jákvæð umsögn veitt..

1.2.5 Víghólastígur 10, Kópavogur – gististaður, íbúðarhús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 8.02.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn SMH Gróðurhús ehf., kt. 421104-2040 um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Víghólastíg 10, Kópavogi.
Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir sbr. lið 1.1.18.v

1.2.6 Urðarhvarf 4, Kópavogur - kaffihús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.02.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Heiðarlegur matur ehf., kt. 501017-1080, um rekstrarleyfi fyrir kaffihús samkvæmt flokki II við Urðarhvarf 4, Kópavogi.
Jákvæð umsögn veitt.

## 1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Helluhraun 1, Hafnarfjörður - verslun

Lögð fram umsókn ÞR ehf., kt. 620310-0770, dags. 7.02.2018 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni Jolli söluturn, Helluhrauni 1, Hafnarfjörður. Endurnýjun leyfis.
Leyfisveiting samþykkt.

1.3.2 Hófgerði 30, Kópavogur - verslun

Lögð fram umsókn Samkaupa ehf., kt. 571298-3769, dags. 5.02.2018 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni Krambúðin, Hófgerði 30, Kópavogi. Endurnýjun leyfis.
Leyfisveiting samþykkt.

## 1.4 Annað

1.4.1 Skemmtigarður og slysatíðni

Lagt fram að nýju afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 21. desember 2017 til Skypark ehf., um slysatíðni og starfsleyfismál.
,, Skýrsla frá vottunaraðila hefur ekki verið lögð fram og telur heilbrigðisnefnd það brot á reglugerð og leggur fyrir rekstaraðila að skila henni innan 14 daga að viðlögðum þvingunarúrræðum.

1.4.2 Álhella 18, Hafnarfjörður – malbikunarstöð

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 5.02.2018 þar sem gefin er kostur á að koma með athugasemdir vegna undirbúnings að vinnu við starfsleyfi fyrir malbikunarstöð Munck Íslandi ehf. hyggst reka malbikunarstöð að Álhellu 18 í Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Með breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, frá 27. febrúar 2014 er lögð rík ábyrgð á leyfisveitendur að þeir sinni samráðsskyldu við bygginga- og skipulagsyfirvöld sveitarfélaga. Heilbrigðisnefnd beinir því til Umhverfisstofnunar að kanna vel þennan þátt í upphafi vinnu við starfsleyfisgerð.

Jafnframt vekur heilbrigðisnefnd athygli Hafnarfjarðarbæjar á takmarkaðri aðkomu nefndarinnar á að koma að kröfum til mengunarvarna við starfsemi sem á ekki að hafa starfsleyfi frá nefndinni eða lúta eftirliti hennar. Alls enginn möguleiki er til að fylgja málum eftir sbr. úrskurð Umhverfisráðuneytis frá 19. mars 2008 þar sem heilbrigðisnefnd telst ekki aðili máls í slíkum málum."

# 2 Skipulag

## 2.1 Álftanes miðsvæði

Lagður fram til kynningar erindi skipulagsstjóra Garðabæjar frá 23. febrúar 2018 um lýsingu á gerð deiliskipulags fyrir Miðsvæði á Álftanesi í Garðabæ. Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag af svæði sem er á Miðsvæði og Suðurnesi og er svæðið um 94 ha að stærð. Markmiðið er að deiliskipuleggja svæðið fyrir íbúðarbyggð og nærþjónustu í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030.

## 2.2 Vesturvör 40-50. Kársneshöfn. Breytt deiliskipulag

Lagt fram til kynningar erindi Smára Smárasonar f.h. Kópavogsbæjar dags. 8. febrúar 2018 um breytingu á deiliskipulagi Vesturvarar 40-50. Í tillögunni er gert ráð breytingum á lóðamörkum lóða á skipulagssvæðinu.

# 3 Umhverfismat

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Axels Vals Birgissonar f.h. Mannvits og Veitna þar sem tilkynnt er að hafið er matsferli vegna aukinnar vatnstöku Veitna í Vatnsendakrikum.

# 4 Brú, lífeyrissjóður, A-deild, breyting, vegna breytinga á lögum um skipan lífeyrismál opinberra starfsmanna

Lagt fram ný tillaga að uppgjöri frá Brú lífeyrissjóði vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna og afturvirkar kröfur um greiðslu lífeyrisskuldbindinga. Málið hefur verið til skoðunar í sveitarfélögunum sem að heilbrigðiseftirlitinu standa.
Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi við lífeyrissjóðinn sem lýtur að uppgjöri á hlutdeild Heilbrigðiseftirlits Hafnfjarðar- og Kópavogssvæðis í fjármögnun eftirfarandi þátta sem tilgreindir eru í grein gögnum málsins:
2. Framlag í jafnvægissjóð
Heilbrigðiseftirlit Hafnfjarðar- og Kópavogssvæðis skuldbindur sig hér með til að greiða 3.859.006 kr. framlag í jafnvægissjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 1. mars 2018.
3. Framlag í lífeyrisaukasjóð
Heilbrigðiseftirlit Hafnfjarðar- og Kópavogssvæðis skuldbindur sig til að greiða sérstakt viðbótar iðgjald frá 1. júní 2017 vegna áframhaldandi aðildar sjóðfélaga sem eru starfsmenn eftirlitsins að A-deild Brúar í samræmi við 10. gr. samþykkta Brúar, sem er við undirritun þessa samkomulags 4,5%.
4. Framlag í varúðarsjóð
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skuldbindur sig hér með til að greiða 917.566 kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 1. mars 2018.

# 5 Starfsemin 2017

## 5.1 Drög að ársskýrslu 2017

Til umræðu kvartanir og ábendingar sem bárust frá almenningi á árinu 2017.

## 5.2 Rekstrartölur

Farið yfir rekstrartölur úr fjárhagsbókhaldi fyrir árið 2017 og drög að ársreikningi.

## 5.3 Handsömum óskiladýra

Matvælastofnun hefur gert athugasemd (frávik) í skýrslu um að ekki sé vakt utan venjulegs skrifstofutíma til að taka á móti dýrum.
Eftirfarandi bókun var gerð:
„Heilbrigðisnefnd telur að við samþykkt laga um dýravelferð hafi ekki verið gert ráð fyrir slíkri sólarhringsvakt og telur nauðsynlegt að kostnaðarreikna slíka kröfur fyrir sveitarfélögin í landinu. Haft verður samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þetta mál."

# 6 Önnur mál

## 6.1 Gervigras í Kórnum

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 21. febrúar 2018 um endurnýjun á gervigrasi í Kórnum.
Erindið er svar við erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 16. febrúar 2018 vegna kvartana foreldra sem stunda íþróttir á gervigrasinu.
Ennfremur var lagt fram erindi frá Kristni Loga Hallgrímssyni um óviðunandi ástand á gervigrasvelli í íþróttahúsinu Kórnum í Kópavogi.
Málið er til skoðunar og rykmælingar eru að hefjast.

## 6.2 Sveitarfélagið Ölfus

Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingafulltrúa Ölfus frá 1. febrúar s.l. þar sem kynnt er ákvörðun Sveitarfélagsins Ölfuss um að auglýsa tillögu að 10. breytingu á deiliskipulagi fyrir Hellisheiðavirkjun samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Tillagan tekur til jarðhitagarðs sem reisa á innan skipulagssvæðis norðan við stöðvarhús virkjunarinnar.
Heilbrigðisnefnd vísar málinu til meðferðar hjá framkvæmdastjórn um vatnsvernd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:03

Ingibjörg Hauksdóttir
Svava H. Guðmundsdóttir
Gnýr Guðmundsson
Jón Haukur Ingvason
Hörður Svavarsson